

Húsakynni bs.
Ársreikningur 2021

Húsakynni bs.
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Kt. 691200-4690

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Húsakynni bs. er byggðasamlag og aðilar að því eru Rangárþing ytra og Ásahreppur. Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna.

Rekstrartekjur byggðasamlagsins námu 15,6 millj. kr. á árinu 2021 og lækkuðu um 3,0 millj. kr. milli ára eða um 16%.


Á árinu námu launagreiðslur byggðasamlagsins 138 þús. kr., auk 20 þús. kr. í launatengd gjöld.

Rekstrarkostnaði byggðasamlagsins er skipt milli aðildarsveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli.

Stjórn og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins staðfesta hér með ársreikning Húsakynna bs. fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Hellu, 31. mars 2022.

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Húsakynni bs.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Húsakynna bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Húsakynna bs. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu byggðasamlagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð byggðasamlaginu í samræmi gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi byggðasamlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa byggðasamlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits byggðasamlagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi byggðasamlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert byggðasamlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Hellu, 31. mars 2022.

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	Áætlun 2021	2020
Rekstrartekjur				
Rekstrarframlag Rangárpings ytra	5	7.746.573	9.955.690	9.665.428
Rekstrarframlag Ásahrepps	5	3.772.495	4.848.310	4.706.956
Tekjur af eignum í umsýslu	5	4.037.599	5.430.000	4.218.266
		<u>15.556.667</u>	<u>20.234.000</u>	<u>18.590.650</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2	157.524	479.000	474.111
Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu	3	12.662.894	17.222.000	15.950.792
Annar rekstrarkostnaður	4	2.723.990	2.510.000	2.144.033
		<u>15.544.408</u>	<u>20.211.000</u>	<u>18.568.936</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		12.259	23.000	21.714
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		2.092	15.000	4.833
Fjármagnstekjuskattur		(455)	(3.000)	(1.141)
Vaxtagjöld og verðbætur		(13.896)	(35.000)	(25.406)
		<u>(12.259)</u>	<u>(23.000)</u>	<u>(21.714)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Veltufjármunir			
Óinnheimt framlög aðildarsveitarfélaga	5	4.277.314	3.950.584
Aðrar skammtímakröfur		719.478	729.292
Handbært fé		<u>630.224</u>	<u>1.994.684</u>
Veltufjármunir samtals		<u>5.627.016</u>	<u>6.674.560</u>
Eignir samtals		<u>5.627.016</u>	<u>6.674.560</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við aðildarsveitarfélög	5	2.268.716	5.109.337
Skuldir við aðra tengda aðila		161.000	219.758
Aðrar skammtímaskuldir		<u>3.197.300</u>	<u>1.345.465</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.627.016</u>	<u>6.674.560</u>
Skuldir samtals		<u>5.627.016</u>	<u>6.674.560</u>
Skuldir samtals		<u>5.627.016</u>	<u>6.674.560</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	Áætlun 2021	2020
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða ársins		0	0	0
Veltufé frá rekstri		0	0	0
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:				
Skammtímakröfur, lækkun		9.814	0	291.280
Skammtímaskuldir, hækkun		1.793.077	0	822.829
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		1.802.891	0	1.114.109
Handbært fé frá rekstri		1.802.891	0	1.114.109
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting vegna eigna í umsýslu	5	(3.591.826)	(7.000.000)	(37.092.937)
Fjárfestingarframlag Rangárbings ytra	5	2.415.503	4.707.500	24.945.000
Fjárfestingarframlag Ásahrepps	5	1.176.323	2.292.500	12.147.937
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar				
Staða við aðildarsveitarfélög, breyting		(3.167.351)	0	(147.441)
Fjármögnunarhreyfingar		(3.167.351)	0	(147.441)
Breyting á handbæru fé		(1.364.460)	0	966.668
Handbært fé í ársbyrjun		1.994.684	0	1.028.016
Handbært fé í árslok		630.224	0	1.994.684

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. Viðskiptakröfur eru færðar niður um 2,5 millj. kr. í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift er að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kanna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.
- c. Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

	2021	Áætlun 2021	2020
2. Laun og launatengd gjöld			
Stjórnarlaun	137.922	414.000	413.766
Launatengd gjöld	19.602	65.000	60.345
	<u>157.524</u>	<u>479.000</u>	<u>474.111</u>
3. Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu			
Vátryggingar	2.234.778	2.255.000	2.189.787
Viðhald húsnæðis og lóðar	10.160.019	13.926.000	12.644.341
Gámaþjónusta, holræsahreinsun, snjómokstur	108.547	661.000	862.298
Rafmagn	159.550	380.000	254.366
	<u>12.662.894</u>	<u>17.222.000</u>	<u>15.950.792</u>
4. Annar rekstrarkostnaður			
Bókhaldsþjónusta	1.275.624	1.260.000	1.223.038
Endurskoðun og reikningsskil	865.525	800.000	692.323
Aðkeypt vinna frá Rangárþingi ytra	128.976	200.000	211.079
Annar kostnaður	0	50.000	11.178
	<u>2.723.990</u>	<u>2.510.000</u>	<u>2.144.033</u>

5. Rekstur og fjárfesting vegna eigna í umsýslu

Byggðasamlagið annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem aðildarsveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Sveitarfélögin greiða framlög til byggðasamlagsins í samræmi við eignarhlut þeirra í viðkomandi eignum, en framlögin mæta kostnaði við rekstur og fjárfestingu vegna eignanna að teknu tilliti til tekna af útleigu.

	Rangárþing ytra	Ásahreppur	Samtals
Yfirlit um rekstur eigna í umsýslu:			
Rekstrarkostnaður eigna í umsýslu	8.515.796	4.147.098	12.662.894
Þátttaka í sameiginlegum rekstrarkostnaði	1.946.062	947.711	2.893.773
Tekjur af eignum í umsýslu	(2.715.285)	(1.322.314)	(4.037.599)
	<u>7.746.573</u>	<u>3.772.495</u>	<u>11.519.068</u>
Yfirlit um fjárfestingu vegna eigna í umsýslu:			
Plan Laugalandi	2.415.503	1.176.323	3.591.826
	<u>2.415.503</u>	<u>1.176.323</u>	<u>3.591.826</u>
Yfirlit um framlög aðildarsveitarfélaganna:			
Staða í ársbyrjun	(5.109.337)	3.950.584	(1.158.753)
Rekstrarframlög vegna eigna í umsýslu	7.746.573	3.772.495	11.519.068
Fjárfestingarframlag vegna eigna í umsýslu	2.415.503	1.176.323	3.591.826
Innborganir á árinu	(775.425)	(11.168.118)	(11.943.543)
Staða í árslok	<u>4.277.314</u>	<u>(2.268.716)</u>	<u>2.008.598</u>